



1601445

## Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður og Verkalýðsfélag Akraness (hér eftir samningsaðilar) gera með sér svohljóðandi samkomulag:

### 1. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að þeir starfsmenn Akraneskaupstaðar sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness njóti sömu kjara vegna tímabilsins **1. maí 2015 til 31. desember 2015** og samið var um milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftirtaldrá stéttarfélaga og heildarsamtaka:

Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi,  
Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,  
FOSS stéttarfélags í Almannaþjónustu,  
Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu,  
Starfsmannafélags Fjallabyggðar,  
Starfsmannafélags Fjarðabyggðar,  
Starfsmannafélags Kópavogsbæjar,  
Starfsmannafélags Húsavíkur,  
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar,  
Starfsmannafélags Suðurnesja,  
Starfsmannafélags Vestmannaeyja,  
Starfsmannafélags Hafnarfjarðar

og

Starfsgreinasambandsins

í kjarasamningum sem undirritaðir voru milli aðila 20. nóvember 2015 og gilda frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

Persónuuppbót/desemberuppbót á árinu 2015 er kr. 100.700.

### 2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að sérákvæði sbr. fylgiskjal með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015, haldi gildi sínu á tímabilinu 1. maí 2015 til 31. desember 2015, að undanskildu ákvæði vegna ófaglærðs starfsfólks á leikskólum.



## Akraneskaupstaður

Ófaglært starfsfólk á leikskólum skal áfram fá persónuálag sem nemur tveimur stigum umfram starfsmat til 31. desember 2017 og halda því meðan á ráðningu stendur. Nýir ófaglærðir starfsmenn á leikskólum frá 1. janúar 2018 hljóta launaröðun samkvæmt starfsmati.

Sérákvæði í samræmi við viðauka 8 við kjarasamning LN og St.AK frá 1. febrúar 2001 gildir einnig um starfsmenn Akraneskaupstaðar sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness og starfa á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða.

### 3. gr.

Forsenda samkomulags þessa er að skrifað hafi verið undir nýjan kjarasamning á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness.

### 4. gr.

Samningsaðilar útfæra nánar framkvæmd samkomulagsins að uppfylltri forsendu samkvæmt 2. gr.

Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs  
Akraneskaupstaðar

Með fyrirvara um samþykki félags-  
manna Verkalýðsfélags Akraness

Akranesi, 5. febrúar 2016


F.h. Akraneskaupstaðar

F.h. Verkalýðsfélags Akraness



Regína Ásváldsdóttir

bæjarstjóri



Vilhjálmur Birgisson,  
formaður